

í gleði og sorgum manna eins og hann gjörði. Allar þessar dýgðir voru svo ríkar hjá honum; en ef til vill fallegasti kosturinn hans og lærdómsríkasti fyrir okkur var hlýðnin og virðingin, sem hann sýndi móður sinni og manninum, sem gekk honum í föður stað.

Þegar hann fannst í musterinu tólf ára, fór hann með foreldrum sínum og var þeim hlýðinn. Á æskuárum sínum vann hann í smiðju föður síns og stundaði starf sitt þar með trú-mennsku og iðjusemi. Þegar hann hékk á krossinum, bað hann lærisveininn, sem hann elskandi mest, að annast móður sína. Hann var sami elskandi sonur í barnæskunni og á dauðastundi-nni. Hann unni engum meir en móður sinni, nema föður sínum á himnum.

Elskið þið, börnin góð! foreldra ykkar? Reynið þið ekki að finna einhverja afsökun, þegar pabbi eða mamma biðja ykkur að gjöra eitthvað? Svarið þið ekki með ljótum orðum stundum, þegar þau finna að einhverju hjá ykkur. Þið ættuð ekki að gjöra það. Þau elskar ykkur meir en nokkuð annað í heiminum og verða að þola margskonar baráttu og stríð ykkar vegna. Þið megið þá ekki lauma þeim góðmensku þeirra með illu.

Sum stálpuð börn skammast sín fyrir foreldra sína, þegar þau eru orðin gömul og hrum. Ó, það er ósköp ljótt! Það var einu sinni kona, sem hljóp inn í hús, sem var að brenna, til að forða litlu stúlkubarni sínu, sem þar var inni. Hún bjargaði því óskoðduðu, en brann sjálf svo mikið, að hún bar merki þess alla sína daða. Þegar stúkan var orðin fullorðin, var hún á gangi með vinkonu sinni, og móðir hennar mætti þeim; skammaðist hún sín þá fyrir að gjöra hana kunnuga. Ó pann svívirðilega hugsunarhátt! Móðirin hafði gengið í gegn um reyk og eld til að bjarga lifi hennar; en nú skammaðist dóttirin sín fyrir merkið, sem vitnaði um það heilaga kærleiksverk.

Börn! Þið getið aldrei verið of góð við foreldra ykkar. Gjörið alt, sem þau biðja ykkur um. Haldið ykkur frá sollinum og öllu því, sem ljótt er. En gangið stöðugt í sunnudags-skólann og sækjið guðspjónusturnar, því þeim bykir svo vænt um, þegar þið eruð góð. Mesta áhugamál þeirra er, að þið lærið að þekkja frelsarann og að fylgja honum eftir á vegi sálu-hjálparinnar og helgunarinnar.

Verið foreldrum ykkar góð og hlýðin!

K. Ó.